

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Brúarhvammur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin nær til reits sem er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota sunnan við sundlaugina í Laugarskarði og austan Reykjamarkar í Hveragerði. Húsagata sunnan sundlaugasvæðisins færir sunnar og við það stækkar svæði sundlaugarinnar sem er skilgreint sem svæði fyrir stofnanir. Á svæðinu milli húsagötunnar og Varmár verður gert ráð fyrir einni íbúðarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.